

## **Sp. 305. Tillaga til þingsályktunar**

um stjórnarfyrrkomulag og rekstur þjóðleikhússins.

Flm.: Barði Guðmundsson, Kristinn E. Andrésson, Gunnar Thoroddsen,  
Bjarni Ásgeirsson.

Sameinað Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nú þegar sjö manna millipinganefnd, er leggi fyrir næsta Alþingi tillögur um stjórnarfyrrkomulag og rekstur þjóðleikhússins. Nefndin verði skipuð þannig: fjórir menn eftir tilnefningu þingflokkanna, einn tilnefndur af Leikfélagi Reykjavíkur, einn af Bandalagi íslenskra listamanna og einn tilnefndur af Félagi íslenskra leikara, og sé hann formaður nefndarinnar.

### **Greinargerð.**

Ríkisstjórnin hefur tilkynnt, að setuliðið muni rýma þjóðleikhúsið á næstunni. Mun þá þegar hafizt handa að fullgera bygginguna, svo að gera má ráð fyrir, að leikstarfsemi geti hafizt þar, áður en langur tími liður. Er því nauðsynlegt, að Alþingi hugsi þegar fyrir því, hvernig rekstri og stjórnarfyrrkomulagi þjóðleikhússins skuli hagað. Hefur Félag íslenskra leikara einnig beint þeirri áskorun til Alþingis, að skipuð verði nú þegar millipinganefnd, er leggi fyrir næsta Alþingi ákveðnar tillögur um þetta mál. Er þingsályktunartillagan hér flutt í samræmi við þessar óskir leikara og vegna þeirrar nauðsynjar, sem á því er, að hraðað sé sem mest undirbúningi þess, að þjóðleikhúsið geti tekið til starfa.